

DALSBRAUT, FRÁ AÐKOMUVEGI AÐ LUNDARSKÓLA AÐ MIÐHÚSABRAUT, AKUREYRARBÆ

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Akureyrarbæjar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Akureyrarbæjar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning Dalsbrautar, frá aðkomuvegi að Lundarskóla að Miðhúsabraut, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Akureyrarbæjar samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Einnig að efnistaka er háð framkvæmdaleyfi sveitarfélags og leyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Akureyrarbær og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála (sbr. 25. gr. laga nr. 131/2011). Kærufrestur er til 28. febrúar 2012.

INNGANGUR

Þann 19. desember 2011 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Akureyrarbæ um fyrirhugaða lagningu Dalsbrautar á Akureyri, frá aðkomuvegi að Lundarskóla að Miðhúsabraut samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 10 c í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Akureyrarbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Akureyrarbæ með tölvupósti dags. 23. janúar 2012, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 16. janúar 2012, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 18. janúar 2012 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 12. janúar 2012.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Fram kemur að leggja eigi um 1 km langa tengibraut (Dalsbraut) frá núverandi aðkomuvegi að Lundarskóla, sunnan Þingvallastrætis, til suðurs að Skógarlundi, þar sem gera eigi hringtorg, og þaðan að núverandi hringtorgi á Miðhúsabraut. Á þessari leið sé autt 35-40 m breitt svæði milli lóðamarka, þar sem fyrirhugað sé að leggja Dalsbraut. Frá Þingvallastræti að Skógarlundi verði tengibrautin 7,0 m breið með kantsteinum beggja megin götunnar og frá Skógarlundi að Miðhúsabraut verði brautin 7,5 m breið og með a.m.k. 1 m vegöxlum utan götukanta. Gert sé ráð fyrir að hámarkshraði á Dalsbraut verði 30 km/klst. frá Þingvallastræti að Skógarlundi en frá Skógarlundi að Miðhúsabraut verði hámarkshraði 50 km/klst.

Fram kemur að ekki sé þörf á að gera hljóðvörn milli Þingvallastrætis og Skógarlundar, en þar sé nú jarðvegsmön, sem muni standa þar áfram að framkvæmd lokinni. Á kaflanum milli Skógarlundar og Miðhúsabrautar verði gerðar allt að 2,0 m háar jarðvegsmanir vestan Dalsbrautar og allt að 1,5 m austan hennar. Einnig verði gerður hljóðveggur í framhaldi af möninni á móts við tvö hús, vestan vegarins. Austan Dalsbrautar verði gerður 3 m breiður göngu- og hjólreiðastígur, sem tengist stígakerfi um nærliggjandi hverfi. Gangbraut verði á móts við núverandi stíg á milli húsa við Grenilund og við gatnamót Dalsbrautar og Miðhúsabrautar, Skógarlundar og Þingvallastrætis, en gönguljós á tveimur stöðum í nágrenni Lundarskóla.

Fram kemur að vegna vegagerðarinnar verði 23.600 m³ af efni tekin úr götustæði og stígum í tengslum við Dalsbraut. Af því efni verði um 4.000 m³ nýttir við gerð jarðvegsmana meðfram fyrirhugaðri tengibraut og við frágang að framkvæmdum loknum, en um 19.600 m³ af jarðvegi verði ekið burt af framkvæmdasvæðinu og nýtt til frágangs á grænum svæðum í Naustahverfi og urðunarstað Akureyrarbæjar á Glerárdal. Um 16.000 m³ af efni þurfi til fyllingar undir götuna, sem sótt verði í námur með rekstrarleyfi í Eyjarfirði og/eða Hörgárdal.

Fram kemur að gert sé ráð fyrir að framkvæmdin verði unnin á árinu 2012 og frágangur við göngustíga o.fl. verði á árinu 2013.

Áhrif á hljóðvist. Fram kemur að gera þurfi hljóðmanir á hluta Dalsbrautar svo hávaði frá umferð verði undir viðmiðum reglugerðar um hávaða við íbúðahús. Milli Skógarlundar og Miðhúsabrautar, þar sem hámarkshraði verði 50 km/klst. og áætluð umferð verði 4.000 bílar á sólarhring (langtímaspá fyrir 2022-2026), muni manir beggja megin götunnar leiða til þess að hljóðstig við húsvegg á þessum kafla verði innan við 55 dB. Ekki verði þörf á því að gera hljóðmanir þar sem hámarkshraði verði 30 km/klst., milli Þingvallastrætis og Skógarlundar. Jarðvegsmön, sem staðsett sé þar austan við fyrirhugaða tengibraut, verði þó látin standa. Fram kemur að niðurstöður hljóðvistarútreikninga bendi til þess að hljóðmanir muni duga til

Þess að umferðarhávaði verði innan viðmiðunarmarka og áhrif framkvæmdarinnar á hljóðvist verði því óveruleg.

Áhrif á loftgæði. Fram kemur að tilkoma Dalsbrautar muni stytta akstursvegalengdir innan Akureyrar en ólíklegt sé að hún dragi að ráði úr heildarumferð um götur bæjarins. Með styttri vegalengdum sé líklegt að draga muni úr útblæstri lofttegunda frá bifreiðum í heildina. Fram kemur að umfang loftmengunar vegna umferðar um Dalsbraut hafi ekki verið metið. Hins vegar er vísað til mælinga á svifryki og útblæstri lofttegunda á fjölförnum gatnamótum Glerárgötu og Tryggvabrautar á Akureyri, sem megi nota til viðmiðunar, en um gatnamótin fari 10.000 – 13.550 bílar á sólahring. Samkvæmt reglugerð nr. 251/2002 megi svifryk að jafnaði fara yfir heilsuverndarmörk ($50 \mu\text{g}/\text{m}^3$) sjö daga á ári og köfnunarefnisdíoxíð megi að jafnaði fara yfir heilsuverndarmörk ($75 \mu\text{g}/\text{m}^3$) sjö daga á ári. Á tveggja ára tímabili hafi svifryk á gatnamótum Glerárgötu og Tryggvabrautar mælst fimm sinnum við eða yfir heilsuverndarmörkum en köfnunarefnisdíoxíð hafi aldrei mælst yfir heilsuverndarmörkum á því tímabili. Umferðarspá geri ráð fyrir því að eftir árið 2018 muni 4.000 bílar aka um Dalsbraut á hverjum sólahring og mögulega muni verða staðbundin neikvæð áhrif á loftgæði í næsta nágrenni Dalsbrautar og ryk í lofti aukast frá því sem nú sé. Umferð um Dalsbraut verði aftur á móti mun minni en um gatnamót Glerárgötu og Tryggvabrautar og því ekki talið að loftmengun muni fara yfir heilsuverndarmörk vegna umferðar um Dalsbraut. Framkvæmdin muni því ekki hafa veruleg neikvæð áhrif á loftgæði, hvorki við Dalsbraut né við hús í nánd við götuna.

Áhrif á landslag. Fram kemur að Dalsbraut og hljóðmanir umhverfis hana geti valdið staðbundnum neikvæðum sjónrænum áhrifum á íbúðabyggð. Hönnun og frágangur hljóðvarna og umhverfi götunnar muni leiða til þess að þau áhrif verði ekki veruleg, þó yfirbragð hverfisins muni vissulega breytast til frambúðar með tilkomu Dalsbrautar.

Áhrif á landnotkun. Fram kemur að gerð stíga og hljóðmana muni ekki raska lóðum við Dalsbraut. Hljóðstig við íbúðahús og loftmengun frá umferð verði innan viðmiðunarmarka viðeigandi reglugerða. Neikvæð umhverfisáhrif kunni að verða einhver þar sem umferð verði í nánd við hús og lóðir þar sem nú sé óbyggt svæði en áhrifin verði ekki veruleg. Vegna framkvæmdarinnar geti aðgengi akandi, gangandi og hjólandi umferðar að húseignum hins vegar batnað vegna framkvæmdarinnar.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að samkvæmt gildandi aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 sé Dalsbraut sem tengibraut en landnotkun nærumhverfis götunnar sé skilgreint sem óbyggð svæði og meðfram Dalsbrautinni austanverðri sé gert ráð fyrir aðalstíg fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Deiliskipulag Dalsbrautar frá Þingvallastræti að Miðhúsabraut hafi verið samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar 6. desember 2011.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að stytta akstursvegalengdir innan Akureyrar, tengja saman bæjarhverfi og bæta aðgengi gangandi og hjólandi við Dalsbraut.

Akureyrbær telur að framkvæmdin muni valda óverulegum neikvæðum umhverfisáhrifum.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum Akureyrbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun telur að umhverfisáhrif vegna lagningar Dalsbrautar frá Þingvallastræti að Miðhúsabraut liggja fyrir og frekara mat á umhverfisáhrifum muni ekki breyta neinu þar um. Íbúar húsa á lóðum er liggja að fyrirhugaðri Dalsbraut muni helst verða fyrir neikvæðum áhrifum vegna framkvæmdarinnar, sem felast muni í verri loftgæðum og hljóðstigi en nú sé

og sjónrænum áhrifum vegna hljóðmana og missi af grænu svæði sem hverfa muni vegna framkvæmdarinnar. Telur Umhverfisstofnun að kanna ætti hvort öryggi göngu- og hjólréiðafólks yrði betur þjónað með þverun um undirgöng frekar en ljósastýrdum þverunum, a.m.k. við Lundarskóla.

Í svari Akureyrarbæjar kemur fram að almennt sé ekki þörf fyrir gangbrautir, með eða án ljósa, þar sem hámarkshraði sé 30 km/klst., eins og gert sé ráð fyrir á Dalsbraut milli Þingvallastrætis og Skógarlundar. Við Lundarskóla verði tvær göngubrautir með gangbrautarljósum og miðeyju til að tryggja öryggi skólabarna á leið yfir götuna. Umferðarljósinn verði þannig búinn að þau muni stuðla að jöfnum og lágum umferðarhraða á þessum kafla Dalsbrautar. Miðað við áætlaðan umferðarþunga, hraða umferðar og fjölda gangandi vegfaranda sé ekki þörf á að gera undirgöng á þessum stað.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra leggur áherslu á að á framkvæmdatíma sé mikilvægt að huga vel að slysavörnum vegna barna og almennrar umferðar og ráðstafanir verði gerðar til þess að hindra jarðvegsfok og að jarðvegur berist með vinnutækjum út fyrir fyrirhugað framkvæmdasvæði, sem skapað geti hættu á svifryki utan þess. Skyld sé að fylgjast með hávaða og loftgæðum og grípa til mótvægisáðgerða eftir þörfum.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða lagningu um 1 km langrar tengibrautar (Dalsbraut) frá núverandi aðkomuvegi að Lundarskóla, sunnan Þingvallarstrætis, um gatnamót við Skógarlund og að Miðhúsabraut. Frá Þingvallastræti að Skógarlundi verður tengibrautin 7,0 m breið með kantsteinum beggja megin götunnar og frá Skógarlundi að Miðhúsabraut verður brautin 7,5 m breið og með a.m.k. 1 m vegöxlum utan götukanta. Á kaflanum milli Skógarlundar og Miðhúsabrautar verða gerðar allt að 2,0 m háar jarðvegsmanir vestan Dalsbrautar og allt að 1,5 m austan hennar. Ekki er gert ráð fyrir að gera hljóðmanir á þeim hluta tengibrautarinnar sem liggja mun frá Þingvallastræti að Skógarlundi. Á Dalsbraut verða settar fimm gangbrautir og tvenn gönguljós í nágrenni Lundarskóla og austan götunnar verður gerður 3 m breiður göngu- og hjólréiðastígur. Vegna vegagerðarinnar verða 23.600 m³ af efni teknir úr götustæði og stígum. Af því efni verða um 4.000 m³ nýttir við gerð jarðvegsmana við Dalsbraut og við frágang að framkvæmdum loknum, en um 19.600 m³ af jarðvegi verði ekið burt af framkvæmdasvæðinu og nýtt til frágangs á grænum svæðum í Naustahverfi og urðunarstað Akureyrarbæjar á Glerárdal. Flytja þarf inn á framkvæmdasvæðið um 16.000 m³ af efni til fyllingar undir götuna, sem sótt verður í námur með tilskilin leyfi í Eyjarfirði og/eða Hörgárdal.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10c í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif framkvæmdarinnar felist í því að loftgæði næst Dalsbraut munu rýrna miðað við það sem nú er og einnig mun hávaði frá umferð aukast. Þá munu hljóðmanir mögulega hafa neikvæð sjónræn áhrif á þeim kafla Dalsbrautar sem um ræðir og ljóst er að vegna framkvæmdarinnar mun opið svæði hverfa.

Fyrir liggur að miðað við langtímaspá um umferðarþunga eftir Dalsbraut mun hönnun hljóðmana tryggja að hávaði við íbúðarhús verður lægri en viðmiðunarmörk reglugerðar um hávaða gerir ráð fyrir. Þá telur Skipulagsstofnun að fyrirbyggjandi mælingar á svifryki og köfnunarefnisdíoxíði við gatnamót Glerárgötu og Tryggvabrautar, þar sem umferð bíla á sólarhring er um tvisvar til þrisvar sinnum þyngri en langtímaspá gerir ráð fyrir að verði á Dalsbraut, gefi til kynna að mengun frá umferð um Dalsbraut muni uppfylli kröfur um ásættanleg loftgæði.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Akureyrarbæjar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Akureyrarbæjar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning Dalsbrautar, frá aðkomuvegi að Lundarskóla að Miðhúsabraut, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Akureyrarbæjar samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Einnig að efnistaka er háð framkvæmdaleyfi sveitarfélags og leyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Akureyrarbær og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála (sbr. 25. gr. laga nr. 131/2011). Kærufrestur er til 28. febrúar 2012.

Rut Kristinsdóttir

Sigmar Arnar Steingrímsson

Skipulags
stofnun